


## Már Wolfgang Mixa

blogg á eyjan.is

- [Forsíða](#)
- [Um](#)



← [Þú \(verð\)tryggir ekki eftir á](#)

### Hverjir stjórna heiminum?

28.9 2011 | 21:16 | [15 ummæli](#)

Í upphafi tuttugustu aldar var sagt að ekki væri hægt að fara í mikil hernað án þess að Rothschild fjölskyldan og samstarfsmenn hennar samþykktu að fjármagna það. Morgan bankaveldið var drifkraturinn í fjármögnun uppbyggingar Bandaríkjanna þegar að fjöldi innflytjenda jókst gífurlega uppúr 1870. Fyrirtækið meira að segja aðstoðaði bandaríska ríkinu úr fjárhagsvandræðum árið 1895 og J.P.Morgan var bjargaði nánast einsamall því sem bjargað var í bankakreppunni 1907.

Það er ekkert nýtt að fjármálaveldi stjórni heiminum. Niall Ferguson lýsir þessu ágætlega í bókinni The Ascent of Money (íslensk þýðing er Peningarnir sigra heiminn).

Því er það undarlegt hversu hörð viðbrögðin voru þegar að verðbréfafjárfestir (ekki ljóst hversu mikill fjárfestir hann er) segir í sambandi við skuldakreppu Grikkja (ástandið svipar óþægilega til árána 1920-1930 í Evrópu) að Goldman Sachs (GS) stjórni heiminum og að þeim standi nokk á sama þó svo að allt fari norður og niður svo lengi sem þeir græði (til lengri tíma getur GS ekki staðið á sama, til skemmri tíma skiptir þó mestu máli að hafa rétt fyrir sér heldur en hvort að útkoman sjálf sé jákvæð).

GS

Goldman Sachs eru með ágæt ítök. Hank Paulson, sem var fjármálaráðherra Bandaríkjanna 2006-2009, er fyrrverandi forstjóri GS. Robert Rubin hafði starfað hjá GS í 25 ár áður en hann varð fjármálaráðherra 1990-1992. Starfsmannastjóri núverandi fjármálaráðherra er fyrrum starfsmaður GS þar sem hann vann sem lobbýsti.

Fyrirtækið hagnaðist gríðarlega á því að taka skortstöðu í vafningum tengdum húsnæðislanum í Bandaríkjunum. Einn af mótaðilum fyrirtækisins, AIG, var bjargað af bandaríska ríkinu (undir forystu Hank Paulson) nánast andartökum eftir að Lehman Brothers voru látnir falla. Skattpeningur bandarískra skattgreiðanda var því meðal annars settur í að greiða hagnað til GS

vegna framvirkra samninga (eða veðmála) sem fyrirtækið gerði við AIG (bendi á frábæra bók, *The Big Short* eftir Michael Lewis).

Fyrirtækið hefur verið í sviðsljósinu vegna annarra þátta. Til dæmis hefur því verið haldið fram að fyrirtækið hafi fengið neyðarlán frá bandaríska ríkinu vaxtalaust, aðeins til að nota peninginn til að kaupa bandarísk ríkisskuldabréf á 3-4% vöxtum. Þetta þýðir auðvitað að peningurinn fór vaxtalaust frá bandarískum skattborgurum til GS og aftur til bandarískra skattborgara sem nú greiddu vexti til fyrirtækisins sem þeir lánuðu.

Einnig hefur því verið haldið fram að GS hafi stýrt hækkunum á olíuverði vorið 2008. Fyrirtækið á að hafa keypt miklar birgðir í framvirkum samningum. Þegar að verðið á tunnuna fór í \$140 hafi sérfræðingur fyrirtækisins spáð því að það væri einungis tímaspursmál hvernær það færi í \$200. Á sama tíma losaði GS við stöðu sína í hrávörunni. Þegar að verðið fór að falla á nýjan leik var enginn botn fyrir fjárfesta sem höfðu tekið stöður án þess að eiga nokkur viðskipti í raun með olíuna. Verðið féll um 60-70% á nokkrum vikum.

Er undarlegt að sumum finnist að GS stjórni heiminum? Hverjir stýrðu Íslandi fyrir nokkrum árum síðan?

mwm

<http://www.slideshare.net/marmixa/20091209-niall-ferguson-the-ascent-of-money>

[http://www.amazon.com/Big-Short-Inside-Doomsday-Machine/dp/0393338827/ref=sr\\_1\\_1?ie=UTF8&qid=1317243973&sr=8-1](http://www.amazon.com/Big-Short-Inside-Doomsday-Machine/dp/0393338827/ref=sr_1_1?ie=UTF8&qid=1317243973&sr=8-1)

[http://www.islandsbanki.is/einstaklingar/fjarmalin-thin/greinar/nanar/item101120/Hugsanlegir\\_grikkir/](http://www.islandsbanki.is/einstaklingar/fjarmalin-thin/greinar/nanar/item101120/Hugsanlegir_grikkir/)

**Flokkar:** [Óflokkað](#) | [Facebook](#)

Líkar þetta

14 likes. [Skráðu þig](#) to see what your friends like.

## Ummæli (15)

- **Pétur Örn Björnsson** // [28.9 2011 kl. 21:44](#)

Ætli Thomas Jefferson hafi ekki varað einna fyrstur við því að svona gæti farið, ef skorður væru ekki settar við því að einkabankar gætu leikið sér með lögeyri, til verðbólgu og verðhjðdnunar?

Er það ekki kallað stöðutaka í dag og þekkt aðferð vogunarsjóða stórbankanna á Wall Street, City og Frankfurt? Hrægama-aðferðin.

- **Pétur Örn Björnsson** // [28.9 2011 kl. 21:48](#)

Skyldi Steingrímur Jóhann hafa kynnt sér eitthvað meira en 2ja alda gömul varúðarorð Thomasar Jefferson? Nei, líkast til ekki.

- **Björn** // [28.9 2011 kl. 23:03](#)

Er ekki Steingrímur Joð bara vinnumaður hjá Goldman Sachs og veit alveg fyrir hverja hann vinnur:)

- **Pétur Örn Björnsson** // [28.9 2011 kl. 23:18](#)

Kannski þau tvö, Steingrímur og Jóhanna, sem hafa setið samtals yfir 60 ár á þingi, ég ítreka ... yfir 60 ár á þingi, ættu einnig að láta svo lítið að kynna sér önnur varúðarorð Jefferson:

“Experience hath shewn, that even under the best forms of governments, those entrusted with power have, in time, and by slow operations, perverted it into tyranny.”

- **Leibbi** // [28.9 2011 kl. 23:33](#)

Nei, það er ekkert nýtt að fjármálaveldi stjórnri heiminum, en þeir sem hafa vogað sér að minnast á það hafa verið úthrópaðir samsæriskenningasmiðir og með öllu ómarktækir. Það tók sinn tíma að undirbúa hrun Sovét-ríkjanna sálugu, eins er með undirbúning á yfirtöku NWO. Samsæriskenning?

- **Leibbi** // [28.9 2011 kl. 23:48](#)

Frá örófi alda hefur elítan haldið fast um hagsmuni sína og haft ótrúlegt dáleiðingar vald yfir múgnum.

- **Pétur Örn Björnsson** // [29.9 2011 kl. 00:18](#)

Mæli eindregið með að fólk lesi þessa færslu Marinós Njálssonar:

<http://marinogn.blog.is/blog/marinogn/entry/1194085/>

- **Pétur Örn Björnsson** // [29.9 2011 kl. 00:52](#)

Mér sýnist, eftir lestur fyrrgreinds bloggpistils Marinós, að það væri nú allt í lagi að fjölmiðlamenn tækju sig nú saman í andlitinu og byrjuðu að spyrja Má Guðmundsson, seðlabankastjóra og fyrrum starfsmann hjá BIS, af fullri einurð og festu um það hvernig kaupin gerast á eyrinni hjá banka banka bankanum?

Er það ekki bara í fyllsta mæli ósköp eðlilegt að spyrja Má Guð. út í það?  
Er maðurinn ekki á launum hjá okkur, óbreyttum almúganum?  
Nú kannski getur Már Wolfgang Mixa upplýst okkur eitthvað betur um þau mál.

- **Pétur Örn Björnsson** // [29.9 2011 kl. 01:38](#)

Nú þeir sem vilja forvitnast meira, þá má sjá 1. hluta Meltdown hér:

<http://english.aljazeera.net/programmes/meltdown/2011/09/2011914105518615434.html>

Þar er einnig að finna 2., 3. og 4. hluta Meltdown og Ísland kemur nokkrum sinnum við sögu og að sjálfsögðu Egill Helgason, sem kemur bara býsna vel fyrir.

- **Valur Bjarnason** // [29.9 2011 kl. 02:06](#)

Talandi um að fjármálaveldi stjórnri heimnum þá koma hérna karlar inn á athugasemdakerfið og dettur ekkert annað í hug varðandi stjórn á Íslandi peningalega, að það séu Jóhanna og Steingrímur. Er ekki kominn tími til að fólk vakni og opni augun? Það eru ekki Jóhanna og Steingrímur sem stjórna peningamálum á Íslandi. Hér hafa verið helmingasjiptaflokkar sem hafa deilt út gæðum þjóðarinnar til lítilla höfðingja hingað og þangað um landið og þeir

stjórna peningamálum á Íslandi. En því miður er sauðtryggur almúginn á bandi helmingaskiptaflokkanna og þannig mun það verða áfram.

- **Pétur Örn Björnsson** // [29.9 2011 kl. 02:30](#)

Láttu ekki svona Valur. Þetta er núna á vakt Jóhönnu og Steingríms.

Heldurðu virkilega að maður sé ánægðari með gamla parið, Dóra og Dabba?

Eða Sollu og Geir. Meðan athugasemdakerfi eyjunnar var frjáls klippti ég heilu bótana af runum þínum um spillingu sjalla og frammara.

Og iðulega fannst mér við vera á svipuðum nótum, ma. hvað varðar kvótamál og LIÚ viðbjóðinn.

Ég hef alla ævi verið algjörlega óflokksbundinn, en ef þér líður betur Valur, þá kaus ég VG í síðustu Alþingiskosningum, af því ég trúði fögrum loforðum. En hvað ég kys næst hef ég ekki hugmynd um á þessari stundu, bara ekki hefðbundinn fjórflokk, hann hefur gert nóg af sér í makki undanfarinna áratuga.

- **Pétur Örn Björnsson** // [29.9 2011 kl. 02:33](#)

Lestu um banka banka bankanna og reyndu að víkka sjóndeildarhringinn í stað þess að þrasa og skamma mig, nóboddí í öskustó hrunsins, en sem hefur samt það stolt og þá reisin að reyna að steyta grön við vafningaviðbjóði og fjötrum stór-bankanna.

- **Pétur Örn Björnsson** // [29.9 2011 kl. 02:37](#)

@Valur B,

Hér kemur rétt og leiðrétt lín hér að ofan: “Meðan athugasemdakerfi eyjunnar var frjálst klippti ég heilu bótana af runum þínum um spillingu sjalla og frammara og peistaði sem góð og þörf innlegg frá þér.”

- **Pétur Örn Björnsson** // [29.9 2011 kl. 02:54](#)

Þetta veistu Valur B.

Með kveðju

Jón Jón Jónsson.

- **Hreggviður** // [29.9 2011 kl. 07:59](#)

Til hvers eru seðlabankar?

## Rita ummæli

Nafn

Netfang

Vefsíða

Senda

eyjan:örn: Hver er summan af þremur og einum? Svar:

[eyjan.is](http://eyjan.is) [innskráinir](#)

## • Höfundur



**Már Wolfgang Mixa**

Greinasafn - <http://www.slideshare.net/marmixa>

Stunda PhD nám og kenni við Háskólann í Reykjavík

Hægt er að skrá sig á póstlista með því að senda beiðni til [marmixa@yahoo.com](mailto:marmixa@yahoo.com)

Besta ráðgjöfin:

"When there is a stock-market boom, and everyone is scrambling for common stocks, take all your common stocks and sell them. ... No doubt the stocks you sold will go higher. Pay no attention to this -- just wait for the (recession), which will come sooner or later. When this (recession) -- or panic -- becomes a national catastrophe ... buy back the stocks. No doubt the stocks will go still lower. Again pay no attention. Wait for the next boom. Continue to repeat this operation as long as you live, and you'll have the pleasure of dying rich." Fred Schwed, 1940

## • Nýlegar færslur

- [Hverjir stjórna heiminum?](#)
- [Dú \(verð\)tryggir ekki eftir á](#)
- [Svindl á fjármálamörkuðum](#)
- [Verðtrygging – tillögur](#)
- [Ókeypis óvissuferð IcelandXpress](#)

## • Tenglar

- [Aðrir Eyjubloggarar](#)
- [eyjan.is](http://eyjan.is)

## • Sarpur

- **2011**  
[Jan](#) [Feb](#) [Maí](#) [Sep](#)
- **2010**  
[Okt](#) [Nóv](#) [Des](#)

Hönnun byggð á Cutline eftir [Chris Pearson](#).